



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 – 153. löggjafarþing – IRN22050078.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Innviðaráðuneytið/Skrifstofa samgangna
Innleiðing EES-gerðar?	☒ Já ☐ Nei
Dags.	20.06.2022

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Innviðaráðuneytið hefur unnið að innleiðingu EES-gerðar sem varðar aðlögun tiltekinna evrópugerða að þeirri þróun sem orðið hefur á sviði flutninga á vegum.

Gerðin sem um ræðir er *REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2020/1055 frá 15. júlí 2020 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1071/2009, (EB) nr. 1072/2009 og (ESB) nr. 1024/2012 að því er varðar að aðlaga þær að þróun sem orðið hefur á sviði flutninga á vegum.*

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Tryggja þarf framangreindri reglugerð (ESB) 2020/1055 sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn nauðsynlega lagastoð.

Tryggja þarf að lagaleg umgjörð falli að þjóðréttarlegum skuldbindingum. Einnig stendur til að skoða hvort þörf sé á einföldun leyfifyrirkomulags skv. lögum nr. 28/2017.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Gildissvið laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 er ekki í fullu samræmi við reglugerð (ESB) 2020/1055. Þannig gilda lög nr. 28/2017, aðeins um farmflutninga með vélknúnum ökutækjum eða samtengdum ökutækjum þar sem leyfð heildarþyngd fer yfir 3,5 tonn og leyfilegur hámarkshraði ökutækjanna er 45 km á klst. eða meiri. Vegna þeirra breytinga sem felast í reglugerð (ESB) 2020/1055 er nauðsynlegt að útvíkka gildissvið laganna svo þau taki einnig til farmflutninga milli ríkja þegar leyfð heildarþyngd fer yfir 2,5 tonn.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Stefna hins opinbera að því er varðar flutninga á landi er fyrst og fremst að sameiginlegar reglur um að mega starfa sem flutningsaðili á vegum gildi, í þágu sanngjarnrar samkeppni, með eins viðtækum hætti og unnt er fyrir öll fyrirtæki.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Markmið með breytingum er að tryggja skýra lagaumgjörð og að þjóðréttarlegum skuldbindingum sé búin fullnægjandi lagastoð í samræmi við framangreinda stefnu hins opinbera. Einnig að einfalda regluverk með breytingum á leyfifyrirkomulagi ef tilefni eru til.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

EKKI væri með fullnægjandi hætti hægt að innleiða nýjar EES-gerðir og hugsanlega væru að óþörfu gerðar íþyngjandi kröfur til rekstraraðila sem sinna flutningum á landi.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið Önnur úrræði eiga ekki við. Fyrir liggur að þær EES-gerðir sem vísað er til verða teknar upp í EES-samninginn. Því mun íslenska ríkið vera skuldbundið til að innleiða þær í landsrétt. 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu Breytingar á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 eru best til þess fallnar að ná markmiðinu.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna? 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni Fyrirhugað er að gera breytingar á lögum nr. 28/2017 þannig að breytingar þær sem felast í reglugerð (ESB) 2020/1055 rúmist innan gildissviðs laganna auk þess að meta hvort tilefni séu til að einfalda leyfifyrirkomulag. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott a. Undirbyggja þarf lagastoð til innleiðingar nýrrar EES-gerðar og. Er hér einkum horft til breytinga á gildissviði laganna. b. Skoðað verður hvort tilefni séu til að gera breytingar til einföldunar á leyfifyrirkomulagi skv. lögum nr. 28/2017.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Já. Um er að ræða breytingar sem ætlað er að veita innleiðingu evrópugerðar lagastoð í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins skv. EES-samningnum. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Flytjendur sem stunda farmflutninga á vegum yfir landamæri með vélknúnum ökutækjum þar sem leyfð heildarþyngd er frá 2,5 tonnum til 3,5 tónna að því er varðar fyrirhugaða innleiðingu reglugerðar (ESB) 2020/1055. Einnig flytjendur sem stunda farþega- eða farmflutninga á vegum með öðrum ökutækjum að því er varðar hugsanlega einföldun leyfifyrirkomulags. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram Óformlegt samráð hefur verið haft við Samgöngustofu. 4. Fyrirhugað samráð Fyrirhugað er að setja þessi áform um lagasetningu og síðar drög að frumvarpi í opið samráð í samráðsgátt stjórnvalda á Ísland.is.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er 1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal Verði frumvarpið að lögum er ekki gert ráð fyrir því að það hafi teljandi áhrif á afkomu ríkissjóðs.
H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Já. 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Miðað er við gildistöku frumvarps fyrir árslok 2022. 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Gildissvið laga nr. 28/2017 þarf að taka til reglugerðar (ESB) 2020/1055. 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu Á ekki við. 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Á ekki við.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum